

**Ed.**

**146. Frumvarp til laga**

um breytingar á lögum nr. 28 19. júní 1933, um bann gegn jarðraski o. s. frv.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 28 19. júní 1933 bætist ný málsg. sva hljóðandi:  
Ráðherra er ennfremur heimilt að banna sand- og malartöku hvar sem er á landinu, ef byggð eða nytjalandi stafar mikil hættu af því jarðraski að dómi Bún- aðarfélagis Íslands og vitamálastjóra.

2. gr.

2. gr. sömu laga falli niður.

3. gr.

Upphaf 3. gr. sömu laga orðist þannig:  
Nú hagar þannig til, þar sem sand- og malartaka er bönnuð samkv. 1. málsg. 1. gr., að áhættulaust virðist o. s. frv.

4. gr.

Upphaf 4. gr. sömu laga orðist svo:  
Brot gegn ákvæðum þessara laga, svo og banni, er sett kann að verða samkv. 2. málsg. 1. gr., varða sektum frá 20—5000 kr., sem renna í sveitarsjóð, o. s. frv.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 28 19. júní 1933, og heiti þeirra verða: Lög um bann gegn jarðraski.